

Aðalfundur Landvarðafélags Íslands 8. maí 2020 kl. 20:00

Staðsetning: Fundurinn er í fjarfundaformi vegna Covid-19 á forritinu jitsi og fengum félagsmenn sendan tengil í pósti til að skrá sig inn á hann.

Dagskrá: Venjuleg aðulfundarstörf samkvæmt lögum félagsins.

Fundarritari: Nína Aradóttir

Mæting: 23 voru á fjarfundi þegar mest var.

1. Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra

Anna Þorsteinsdóttir opnar fundinn kl. 20:08 vegna smá tæknilegra örðuleika. Hún tilnefnir Sævar sem fundarstjóra án mótmæla. Hann byrjar á að kynna tæknileg málefni í fjarfundinum. Eftir smá meiri tæknivesen tókst Sævari að deila skjá sínum með kynningunni. Hann deildi einnig skýrslu stjórnar, ársreikningum og skýrslu um menntamál landvarða, í gegnum spjallið.

2. Skýrsla stjórnar og umræðum um hana

Anna las skýrsluna ásamt því að glærुकynning var sýnd.

Tvær athugasemdir:

- Stefanía Ragnarsdóttir var formaður í eitt ár en ekki tvö ár, eins og kom fram í skýrslunni
- Alþjóðaráðstefna landvarða var í nóvember en ekki október, eins og kom fram í skýrslunni.

Þetta verður lagað í árskýrslunni.

Sævar kom þökkum til skila til allra sem sem hafa komið að störfum hjá félaginu.

3. Ársreikningar og umræður

Kynntir af Stefaníu en netsambandið var lélegt í Örafunum. Stefanía kom skilaboðunum til skila í spjallglugganum en Sævar tók við kynningunni.

Tvær spurningar:

- Er vitað sé hversu mikill peningur á eftir að fara af ógreiddum reikningum.
 - Styrkur vegna UAR
 - Haustfagnaður
 - Styrkur vegna Nepal
 - Ljóst er því að einhver upphæð á eftir að fara af reikningnum
- Hversu há upphæð var veitt í styrki vegna Nepal?
 - 300 þús í heildina sem 11 sóttu um (27.272 kr. Á mann)

Sævar bar ársreikninginn upp til samþykktar. Þeir eru samþykktir.

4. Lagabreytingar

Engar tillögur að lagabreytingum bárust fyrir fundin né á fundinum.

5. Ákvörðun félagsgjalda

Stjórn leggur til að þau haldist óbreytt, 2500 kr. Engin mótmæli bárust.

6. Kosning í stjórnir og nefndir

Anna tekur við orðinu og tilkynnir að Stefanía og Sævar munu hætta í stjórn og þakkar þeim kærlega fyrir vel unnið störf. Hún tilkynnir að Valdimar hefur ákveðið að draga sig út úr stjórn sem hafði verið kosin til tveggja ára. Því er kosið um tvo í stjórn til tveggja ára og mun síðan fyrsti varamaður sem kosinn er koma beint inn í stjórn til eins árs.

- Ábending barst vegna ársreikninga um hvort að við séum að nota pósthólfið okkar þar sem við erum að greiða fyrir það. Sævar svarar að við erum með lögheimilið í pósthólfinu okkar til að þurfa ekki að breyta því á hverju ári.

Athugasemdir bárust um að það þurfa alltaf að vera tveir varamenn og kalla því eftir að 3 verði kosnir inn, 2 til tveggja ára og 1 til eins árs. Það er samþykkt.

Sævar óskar eftir framboðum í stjórn

- Stjórn hafði borist framboð frá Þórhalli Jóhannssyni til tveggja ára.
- Þórunn Lilja Arnórsdóttir býður sig fram sem meðstjórnanda til eins árs.
- Helga Hvanndal tilkynnir að Guðrún Tryggvadóttir hefur áhuga á að bjóða sig fram en kemst ekki inn á fundinn.
- Meðan við bíðum eftir henni þá kjósum við um aðila í stjórn til eins árs. Þórunn Lilja er eini frambjóðandinn og engin mótmælir því og hún er því sjálfkjörin.
- Þórhallur kynnir sig og staðfestir framboð sitt til tveggja ára. Þar sem Guðrún kemst ekki inn hringdi Anna í hana. Guðrún komst inn á fundinn og tilkynnir framboð sitt til tveggja ára. Ekki bárust fleiri framboð og því eru þau bæði sjálfkjörin.

Sævar óskar eftir tveimur framboðum sem varamenn í stjórn

- Hún býður Benedikt Traustason fram sem er ekki á fundinum. Sævar býður sig fram sem varamann. Ábending berst um að hann þurfi að tilnefna annan fundastjóra ef hann er í framboði. Á meðan þá tilkynnir Eyrún Ósk að hún gefi kost á sér. Sævar dregur þá framboð sitt tilbaka. Eyrún kynnir sig. Engin mótfamboð og því eru Benedikt og Eyrún samþykkt sem varamenn í stjórn.

Sævar óskar eftir framboðum í kjara- og laganefnd

- Þórunn Lilja, Guðrún og Helga Hvanndal bjóða sig fram
- Engin mótfamboð og þær eru því allar samþykktar

Sævar óskar eftir framboðum í Fræðslu- og skemmtinefnd

- Margrét Gísladóttir, Helga Hvanndal og Nína bjóða sig fram
- Engin móttframboð og þær eru því allar samþykktar

Sævar óskar eftir framboðum í Alþjóðanefnd

- Hrafnhildur Ævarsdóttir, Þórunn Sigþórsdóttir og Linda Björk Hallgrímsdóttir bjóða sig fram. Guðrún Tryggvadóttir bauð sig fyrst fram en síðan ákveðið að hún yrði tengiliður stjórnar fyrir alþjóðanefnd.
- Engin móttframboð og þær eru því allar samþykktar

Sævar óskar eftir framboðum í skoðunarmenn reikninga

- Ingibjörg Eiríksdóttir (Íbí) býður sig fram og tilnefnir Áróru með hennar samþykki
- Engin móttframboð og þær eru því samþykktar
- Íbí tilkynnir að það hafi aldrei verið jafn auðvelt að fara yfir ársreikningar og vonar að það haldi áfram með komandi stjórn.

7. Önnur mál

Linda óskar eftir orðinu og leggur fram að stjórn fundi með nefndunum í byrjun árs til að koma starfinu betur í gang. Anna segir að við munum bæta úr þessu á næsta ári.

Nína kynnir rafræn félagaskírteini

- Rafræn félagaskírteini verða innleidd og verða aðgengileg á aur appinu. Verið er að vinna í því að afslættir verða í boði fyrir félagsmenn. Það eru nú þegar komnir afslættir á sex stöðum.
- Kostur þess að vera með félagaskírteini er m.a. að fá afslætti. Þetta mun líka gera það að verkum að við höfum betri yfirsýn yfir féлага.

Anna kynnir málþing um menntamál landvarða og vísar þar til skýrslu sem hefur verið send út á alla á fundinum.

Guðrún Tryggvadóttir kemur með athugasemd um hvort Landvarðafélagið eigi að koma með athugasemd um frestun á frumvarpi um Þjóðgarðastofnun. Sævar segir að stjórn sé með ályktun um þetta mál.

Anna tilkynnir að félagið er með þrjár ályktanir sem hún leggur fyrir fundinn og Sævar óskar eftir athugasemdum að lokinni hverri ályktun.

- Ályktun 1: Um Stofnanasamning
 - Nokkrir tjá sig um ánægju með þessa ályktun.
 - Íbí bendir á að nota annað orð en kjarabót, frekar framfaraskref.
 - Sævar bendir á að stofnunin heitir Þjóðgarðurinn á Þingvöllum en ekki Þingvallalþjóðagarður.
 - Torfi bendir á að hver stofnun þarf að gera sér stofnansamning en lýsir þó yfir að hann sé ánægður með að samræma þá.
 - Engin mótmælir ályktuninni og því er hún samþykkt.
- Ályktun 2: Þjóðgarðastofnun

- Guðrún Tryggvadóttir bendir á að þetta séu tvær tillögur og að tillagan um nafnið eigi ekki heima þarna. Torfi tekur undir með henni.
- Íbí bendir á að ályktuninni ætti að snúa við og að verndun náttúrunnar sé í fyrsta sæti og að í öðru sæti er sameining landvarða í eina stofnun. Einnig að breyta í Þjóðgarðar og önnur friðlýstsvæði og samþykkir að taka tillögu um nafnið út.
- Nokkrar tillögur að breytingu:
 - koma málefnum landvörslu, koma málefnum náttúruverndar, koma málefnum um umhverfverndar.
 - Torfi bendir á að Þingvalla Þjóðgarður er með menningaminjar.
 - Linda bendir á að UST sér ennþá um stóran hluta að umhverfismálum og að svæði á náttúruminjaskrá eru ekki friðlýst.
- Samþykkt að þetta sé umorðað þannig að náttúran komi í fyrsta sæti og þetta verði sett í forgang.
- Lagt er til að breyta titlinum í *frestun á frumvarpi um Þjóðgarðastofnun*
- Sævar leggur til að sleppa síðustu setningunni og það er samþykkt.
- Sævar leggur til ályktunina með breytingum samkvæmt umræðum að ofan og það er samþykkt.
- **Ályktun 3: Frestun á frumvarpi um Hálandisþjóðgarð**
 - Guðrúnu finnst þetta vera örlítill endurtekning. Anna svarar að það sé meðvitað en að þar sem þetta eru tvö frumvörp vildum við hafa þau í tvennu lagi. Hún bendir einnig á að bæta íslenskum ferðamönnum inn í ályktunina.
 - Sævar og Anna vilja bæði að ályktanirnar verði ekki of langar og því vilja þau ekki blanda því inn í þessa umræðu.
 - Íbí bendir á að breyta orðinu nýtingu því hún getur verið allskonar. Umræður um orðið nýtingu fara fram.
 - Rúnar bendir á orðalag, aðalfundur getur ekki ákveðið neitt heldur fundarmenn á aðalfundi. Umræða um þetta orðalag sem við skoðum. Og breyta í Landvarðafélag Íslands.
 - Bjargey vill einnig benda á orðið sjálfbær nýting getur verið mistúlkað og leggur til að nota beit eða landbúnaður.
 - Anna leggur til orðið umgengni. Fólk er almennt sammála þessu orði.
 - Sævar leggur til ályktunina með breytingum (sem eru litlar efnislega) samkvæmt umræðum að ofan og það er samþykkt.

Í lokin var fjórða myndbandið af landvarðalífi frumsýnt í gegnum fjarfundarbúnað. Ánægja var með myndbandið.

Engar fleiri athugasemdir bárust og því slýtur hann fundinum kl. 22:22.

